

661

Vertu hjá mér, halla tekur degi

1. Vert - u hjá mér, hall - a tek - ur deg - i,
 2. Óð - um sól - in æv - i minn - ar lækk - ar,
 3. Kom þú ekki' í kon - ungs - vald - i stríð - u,
 4. Þú mig tókst í faðm í fyrst - u æsk - u,

Herr - a, myrkr - ið kem - ur, dylst mér eig - i.
 allt - af heims - ins gleð - i - ljós - um fækk - ar,
 kom með þinn - i elsk - u, líkn og blíð - u,
 fyr - ir - leit ég tíð - um þín - a gæsk - u,

Þeg - ar eng - a hjálp er hér að fá, hjálp - ar -
 breyt - ist allt og hverf - ur þá og þá, þú, sem
 kom að hugg - a mig er harm - og þjá, hæl - i
 aldr - ei þó mér sek - um fórst - u frá. Fram til

lausr - a líkn - in, vert mér hjá.
 aldr - ei breyt - ist, vert mér hjá.
 synd - ar - ans, mér vert - u hjá.
 end - ans, Herr - a, vert mér hjá.

5. Með þér geðrór mæti' eg hverju fari,
 með þér verður sæla' í hverju tári,
 skeyti dauðans skelfist ég ei þá.
 Skjöldur minn, ó, Jesú, vert mér hjá.

6. Mitt við andlát augum fyrir mínum
 upp, minn Drottinn, haltu krossi þínum.
 Gegnum myrkrið lífsins ljós að sjá
 leyf mér, góði Jesú, vert mér hjá.